

Skólaráðsfundur í Valsárskóla

Miðvikudaginn 26. febrúar 2025 kl. 14:15

Mættir: María – Bryndís – Ásrún – Sandra – Jakob – Lilja – Eyrún - Auður - Kamila

1. Skóladagatal Álfaborgar

Bryndís kynnir skóladagatal fyrir veturinn 2025-2026. Engar athugasemdir en upp kom umræða um að hafa 5 vikur í sumarfrí, það gæti verið vont að breyta lengd sumarfrísins núna vegna þess að fólk gæti verið búið að plana frí fyrir komandi sumar. Fyrir starfsemi leikskólans væru 5 vikur betra því starfsmenn eiga 30 daga sumarfrí, og að eiga 2 vikur umfram er mjög mikið.

2. Skóladagatal Valsárskóla

María kynnir skóladagatal fyrir veturinn 2025-2026. Kom upp tillaga að færa starfsdaginn 29. maí. Væri betra að hafa hann 26. maí. Tillaga samþykkt.

3. Skólapúls nemenda í Valsárskóla

María fer yfir niðurstöður úr skólapúlsi nemenda. Foreldrakönnun skólapúlsins er í gangi og starfsfólk fær fljótlega könnun líka.

4. Önnur mál

Umræða og pælingar um fyrirkomulag vinnustyttingarinnar í Álfaborg. Einnig smá umræða um mönnun í Álfaborg, ný húsnæði og stækkun sveitarfélagsins.

Næsti fundur verður 28. maí

Fundi slitið kl. 15:00

Fundargerð ritaði Auður Hafþórsdóttir